

Afkoma Bakkavör Group á fyrsta ársfjórðungi 2007:**Hagnaður fyrir skatta 1,7 milljarðar króna**

- Velta 45,1 milljarður króna (£349,4 milljónir punda)
- Vöxtur í undirliggjandi rekstri 13,8%
- Hagnaður eftir skatta 1,2 milljarðar króna (9,6 milljónir punda), 66% aukning
- Rekstrarhagnaður (EBIT) 3,3 milljarðar króna (25,4 milljónir punda), 37% aukning
- EBITDA 4,5 milljarðar króna (35,1 milljón punda), 28% aukning
- EBITDA hlutfall 10,0%
- EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu 10,7%
- Pro-forma EBITDA jókst um 12,3%
- Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti 4,9 milljarðar króna (38,2 milljónir punda), 36% aukning
- Frjálst fjárflæði frá rekstri 2,2 milljarðar króna (16,9 milljónir punda), 36% aukning
- Eigið fé 31,8 milljarðar króna (246,9 milljónir punda) samanborið við 31,1 milljarð króna (241,4 milljónir punda) í árslok 2006, 2% aukning
- Eiginfjárlutfall 18,6% samanborið við 18,2% í árslok 2006
- Hagnaður á hlut 0,45 pens, 24% aukning
- Arðsemi eigin fjár 16,2% samanborið við 18,1% á sama tímabili 2006
- Arðgreiðsla 24. apríl vegna ársins 2006 sem nam 50% af útgefnu hlutafé
- Endurfjármögnun lokið að fjárhæð 90,3 milljarðar króna (700 milljónir punda) á hagstæðum kjörum

Ágúst Gudmundsson, forstjóri, sagði:

“Fyrsti fjórðungur þessa árs lofar góðu. Sala í Bretlandi er áfram góð og við höldum áfram að styrkja stöðu okkar á meginlandi Evrópu, m.a. með brautryðjendastarfi í vöruþróun. Við höfum metnaðarfull áform um framtíðarvöxt og munum leggja áherslu á þróun félagsins á nýjum mörkuðum. Tækifærin eru mikil en búist er við að markaðurinn fyrir ferskar tilbúnar matvörur muni vaxa um 20% í vestur Evrópu á næstu fjórum árum og um 30% í Kína. Bakkavör Group er í sterkri stöðu til að nýta þau tækifæri sem felast í þessari hagstæðu þróun markaðarins.”

Ársfjórðungsyfirlit - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP				
	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Sala	349.354	329.161	332.939	298.483	258.606
Kostnaðarverð seldra vara	(265.587)	(239.047)	(244.430)	(219.154)	(190.281)
Framlegð	83.767	90.114	88.509	79.329	68.325
Annar rekstrarkostnaður	(58.431)	(59.933)	(56.266)	(46.362)	(49.465)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	25	470	(208)	(178)	(402)
Rekstrarhagnaður	25.361	30.651	32.035	32.789	18.458
Fjármagnsgjöld	(12.367)	(10.098)	(13.922)	(12.888)	(10.452)
Hagnaður fyrir skatta	12.994	20.553	18.113	19.901	8.006
Tekjuskattur	(3.094)	(4.714)	(2.866)	(5.681)	(1.976)
Hagnaður fyrir aflagða starfsemi.....	9.900	15.839	15.247	14.220	6.030
Aflögð starfsemi.....		16.910			
Hagnaður tímabilsins	9.900	32.749	15.247	14.220	6.030
Hagnaður hluthafa	9.648	32.753	15.012	14.041	5.811
Hlutdeild minnihluta	252	(4)	235	179	219
Hagnaður á hlut (GBP pens)	0,45	1,54	0,70	0,78	0,36
EBITDA	35.077	39.324	40.411	40.720	27.307
EBITDA hlutfall	10,0%	11,9%	12,1%	13,6%	10,6%
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	10,7%	12,7%	13,2%	13,6%	10,6%

Efnahagsreikningur samstæðunnar - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP		
	31.3 2007	31.12 2006	Breyting %
Fastafjármunir	1.030.720	1.028.878	0,2%
Veltufjármunir	297.060	296.929	0,04%
Eignir	1.327.780	1.325.807	0,1%
Eigið fé	246.880	241.447	2%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	722.689	715.677	1%
Skammtímaskuldir	358.211	368.683	-3%
Eigið fé og skuldir	1.327.780	1.325.807	0,1%

Sjóðstreymi samstæðunnar - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP		
	3M 2007	3M 2006	Breyting %
Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti	38.162	28.153	36%
Handbært fé frá rekstri	28.065	19.432	44%
Fjárfestingahreyfingar	(19.293)	(7.063)	173%
Fjármögnunarhreyfingar	(3.530)	(32.396)	-89%
Breyting handbærs fjár	5.242	(20.027)	126%
Frjálst fjárflæði frá rekstri	16.891	12.400	36%

Rekstrarniðurstöður á fyrsta ársfjórðungi 2007

Reikningsskilaaðferðir


Reikningsskilaaðferðir á fyrsta ársfjórðungi 2007 eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2006.

Rekstrarreikningur samstæðunnar - lykiltölur	Fjárhæðir í þús. GBP		
	3 mán 2007	3 mán 2006	Breyting %
Sala	349.354	258.606	35%
Kostnaðarverð seldra vara	(265.587)	(190.281)	40%
Framlegð	83.767	68.325	23%
Annar rekstrarkostnaður	(58.431)	(49.465)	18%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	25	(402)	106%
Rekstrarhagnaður	25.361	18.458	37%
Fjármagnsgjöld	(12.367)	(10.452)	18%
Hagnaður fyrir skatta	12.994	8.006	62%
Tekjuskattur	(3.094)	(1.976)	57%
Hagnaður tímabilsins	9.900	6.030	64%
Hagnaður hluthafa	9.648	5.811	66%
Hlutdeild minnihluta	252	219	15%
Hagnaður á hlut (GBP pens)	0,45	0,36	24%
EBITDA.....	35.077	27.307	28%
EBITDA hlutfall.....	10,0%	10,6%	-
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	10,7%	10,6%	-
Frjálst fjárfæði frá rekstri	16.891	12.400	36%
Arðsemi eigin fjár.....	16,2%	18,1%	-

Sala á fyrsta ársfjórðungi nam 45,1 milljarði króna (349,4 milljónum punda) og vöxtur í undirliggjandi starfsemi var 13,8%. Sala í Bretlandi nam 93% af veltu félagsins, eða 41,9 milljörðum króna (324,6 milljónum punda). Sala á meginlandi Evrópu jókst um 13% á fyrsta ársfjórðungi og nam 3,2 milljörðum króna (24,8 milljónum punda). Sjá ítarlegri upplýsingar um sölu félagsins í markaðs- og söluyfirliti á bls 5.

Á fyrsta ársfjórðungi 2007 jókst rekstrarhagnaður (EBIT) um 37% og nam 3,3 milljörðum króna (25,4 milljónum punda) samanborið við 2,4 milljarða króna (18,5 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006. Rekstur Bakkavör Group á meginlandi Evrópu hélt áfram að skila hagnaði og nam rekstrarhagnaður 32 milljónum króna (0,2 milljónum punda) á fyrsta ársfjórðungi samanborið við tap að fjárhæð 23 milljónir króna (0,2 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA) nam 4,5 milljörðum króna (35,1 milljón punda) á fyrsta ársfjórðungi á móti 3,5 milljörðum króna (27,3 milljónum punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006 og jókst því um 28%. Pro-forma EBITDA jókst um 12,3% í fjórðungnum.



Hlutfall EBITDA af rekstrartekjum var 10,0% á árinu samanborið við 10,6% á fyrsta ársfjórðungi 2006. Eins og áður hefur komið fram, urðu breytingar í júlí 2006 á samningi við einn af viðskiptavinum félagsins. Í kjölfarið, frá og með þriðja ársfjórðungi 2006, hefur hluti af sölu á fersku óskornu grænmeti (e. produce) verið færður sem bein sala í stað umboðssölu áður. Þó að þetta hafi áhrif á sölu og framlegð, þá hefur þetta engin áhrif á afkomu félagsins. Ef samningnum hefði ekki verið breytt, hefði sala á fyrsta ársfjórðungi 2007 numið 42,3 milljörðum króna (328,3 milljónum punda) í stað 45,1 milljarðs króna (349,4 milljóna punda). EBITDA hlutfallið hefði verið 10,7% í stað 10,0%.

Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага nam 3 milljónum króna (25 þúsund pundum) á fyrsta ársfjórðungi samanborið við tap að fjárhæð 52 milljónir króna (0,4 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs.

Fjármagnsgjöld námu 1,6 milljörðum króna (12,4 milljónum punda) í fjórðungnum samanborið við 1,3 milljarða króna (10,5 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006. Skattar námu 399 milljónum króna (3,1 milljón punda) á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 255 milljónir króna (2,0 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi ársins 2006. Virkt skatthlutfall fjórðungsins var 23,8%.

Efnahagsreikningur 31. mars 2007

Eignir

Heildareignir félagsins þann 31. mars 2007 námu 171,2 milljörðum króna (1.327,8 milljónum punda) í samanburði við 171,0 milljarð króna (1.325,8 milljónir punda) þann 31. desember 2006.

Fastafjármunir námu 132,9 milljörðum króna (1.030,7 milljónum punda) samanborið við 132,7 milljarða króna (1.028,9 milljónir punda) í lok árs 2006. Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir voru nánast óbreyttar frá árslokum 2006 og námu 92,0 milljörðum króna (713,6 milljónum punda) á fyrsta ársfjórðungi. Mat á gangvirði hreinna Laurens Patisseries, New Primebake, Rye Valley Foods og Fresh Cook er bráðabirgðamat og er áætlað að því ljúki innan 12 mánaða frá kaupum.

Staða veltufjármuna var nánast óbreytt frá áramótum eða 38,3 milljarðar króna (297,1 milljón punda) í lok mars 2007. Skammtímaskuldir lækkuðu úr 47,6 milljörðum króna (368,7 milljónum punda) í lok árs 2006 í 46,2 milljarða króna (358,2 milljónir punda) í fyrsta ársfjórðungi 2007. Veltufjárlutfallið var 0,8 og lausafjárlutfallið 0,7 í fyrsta ársfjórðungi og því óbreytt frá árslokum 2006.

Langtímaskuldir og eigið fé

Langtímaskuldir og skuldbindingar jukust úr 92,3 milljörðum króna (715,7 milljónum punda) í lok árs 2006 í 93,2 milljarða króna (722,7 milljónir punda) í lok mars 2007.

Eigið fé jókst úr 31,1 milljarði króna (241,4 milljónum punda) í lok árs 2006 í 31,8 milljarða króna (246,9 milljónir punda) þann 31. mars 2007. Eiginfjárlutfall félagsins í lok fjórðungsins var 18,6% samanborið við 18,2% í árslok 2006. Hagnaður á hlut var 0,45 pens á fyrsta ársfjórðungi miðað við 0,36 pens á fyrsta ársfjórðungi ársins 2006, sem er 24% aukning.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi var áfram sterkt hjá félaginu á fyrsta ársfjórðungi 2007. Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti var 4,9 milljarðar króna (38,2 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 3,6 milljarða króna (28,2 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006 og jókst því um 36%. Handbært fé eftir greiðslu vaxta og tekjuskatts nam 3,6 milljörðum króna (28,1 milljón punda) á árinu samanborið við 2,5 milljarða króna (19,4 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006 sem er 44% aukning.

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 1,4 milljörðum króna (11,2 milljónum punda) á fyrsta ársfjórðungi í samanburði við 907 milljónir króna (7,0 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Fjárfestingar í fastafjármunum voru umfram afskriftir tímabilsins, aðallega vegna verulegrar stækkunnar á einni af verksmiðjum félagsins í fjórðungnum.

Frjálst fjárflæði frá rekstri þ.e. handbært fé eftir að fjárfestingar í fastafjármunum hafa verið dregnar frá, var 2,2 milljarðar króna (16,9 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 1,6 milljarða króna (12,4 milljónir punda) á fyrsta ársfjórðungi 2006, sem er 36% aukning.

Helstu atburðir á fyrsta ársfjórðungi 2007

Endurfjármögnun

Bakkavör Group hefur lokið við endurfjármögnun sem nemur 90,3 milljörðum króna (700 milljónum punda) með sambankaláni á góðum kjörum. Samningurinn gefur félaginu aukinn sveigjanleika í rekstri og dregur verulega úr fjármagnskostnaði sem endurspeglar stöðuna á lánamörkuðum og fjárhagsstöðu félagsins.

Arðgreiðslur

Á aðalfundi Bakkavör Group þann 23. mars 2007 var samþykkt að greiða út arð til hluthafa sem nam 0,5 krónum á hlut eða 50% af útgefnu hlutafé. Arðurinn var greiddur 24. apríl 2007.


Innköllun vöru

Í febrúar 2007 ákvað Bakkavör Group að innkalla nokkrar tegundir af hummus ídýfum (e. houmous dips) eftir að salmonella fannst í sýni við reglubundið innra eftirlit. Brugðist var skjótt við og tilteknar vörur innkallaðar strax í samráði við viðskiptavini félagsins. Í tilfalli sem þessu er mikilvægt að geta rakið allar vörur og hráefni hratt í gegnum allt framleiðsluferlið. Þar sem greiðlega gekk að leysa vandamálið gat framleiðsla hafist að nýju innan nokkurra daga. Atvikið hafði áhrif á sölu félagsins til skamms tíma lítið en mun hafa óveruleg áhrif á afkomu félagsins á árinu 2007.

Markaðs- og söluýfirlit yfir fyrsta ársfjórðung 2007

Bretland

Markmið stjórnenda Bakkavör Group er að félagið vaxi hraðar en markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í Bretlandi á hverjum tíma. Þessu markmiði var náð á fyrsta ársfjórðungi 2007 en sala félagsins jókst um 11,5% samanborið við 5,5% vöxt markaðarins á sama tímabili.



Source: TNS RST Summary 12 w/e 25 March 2007
Bakkavör internal sales

Markaðurinn fyrir óskorið grænmeti (e. produce) óx um 6,9% á fyrsta ársfjórðungi. Sala Bakkavör Group jókst umfram markaðinn eða um 7,5%, en ef tekið er tillit til þess að hluti af sölu á óskornu grænmeti er nú færður sem bein sala í stað umboðssölu áður er sölaukning félagsins í þessum flokki 45,5%.


Verðhækkningar héldu áfram að hafa áhrif á breska neytendur fyrstu þrjá mánuði ársins. Í mars hækkaði vísitala neysluverðs (e. CPI) um 3% auk þess sem vextir héldust háir eða 5,2%.

Samkvæmt breska seðlabankanum eru ýmsar ástæður fyrir þessum hækkunum. Má þar nefna m.a. snarpar verðhækkningar á orkugjöfum breskra heimila og hráolíu í lok síðasta árs auk þess sem óhagstæð veðráttu hafði áhrif á uppskeru og stuðlaði að hækkun hráefnaverðs í matvælagæiranum.

Þrátt fyrir þetta heldur markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli áfram að vaxa og eftirspurnin eftir fljótlegum og heilsusamlegum réttum úr gæðahráefni eykst stöðugt.

Vöruflokkar

Í Bretlandi framleiðir Bakkavör Group m.a. ferska tilbúna rétti, salöt og pizzur og einnig óskorið grænmeti á borð við kál, tómata og gúrkur. Vörur félagsins skiptast í tvo flokka í Bretlandi, þ.e. heita og kalda vöruflokkka. Á fyrsta ársfjórðungi 2007 var skiptingin á milli heitu og köldu flokkanna 54:46. Félagið er í leiðandi stöðu í 10 af 16* vöruflokkum.




Heimild: Áætlun Bakkavör Group miðað við 52-vikna tímabil til loka mars 2007
 * Fingramat (e. ethnic snacks) er undanskilinn

Yfirlit yfir heita vöruflokkka

Markaðurinn fyrir **ferska tilbúna rétti** (e. ready meals) er einn stærsti markaður Bakkavör Group og er talinn um 240 milljarða króna virði¹ (1,8 milljarða punda). Í byrjun árs 2007 jókst sala tilbúinna rétta um 3,7%.

Undanfarna 15 mánuði hefur félagið unnið ótulllega að því að auka sölu í kjölfar hagræðingar í verksmiðjum þess á síðasta ári. Fyrirtækið stendur vel að vígi á markaðnum nú í byrjun árs og sala félagsins jókst um 14,7%, umfram vöxt markaðarins á fyrsta ársfjórðungi. Þennan árangur má öðru fremur rekja til öflugrar vöruþróunar sem og markaðssetningar á vöruflokkum á borð við heilsurétti og rétti sem eru tilbúin til eldunar (e. ready to cook meals).



Source: TNS RST Summary 12 w/e 25 March 2007
 Bakkavör internal sales


Pizzu markaðurinn í Bretlandi hélt áfram að einkennast af hröðum vexti þennan fyrsta ársfjórðung en hann óx um 17,9%. Bakkavör er í leiðandi stöðu á þessum markaði og einbeitt sér að framleiðslu á ítölskum pizzum sem og þykkbotna pizzum að bandarískri fyrirmynd en það eru þessar pizzutegundir sem hafa vaxið hvað hraðast á þessum markaði. Stöðugur vöxtur var í sölu á pizzum félagsins á fyrsta ársfjórðungi eða 11,4% og það þrátt fyrir góðan árangur á fyrra ári en þá setti félagið fjölmargar nýjar pizzutegundir á markað.

Sala jókst einnig í öðrum heitum vöruflokkum á milli ára, t.d. á **sósum** (12,5% aukning m.v. fyrra ár) og **kældu brauði** (7,6% aukning m.v. fyrra ár).

¹ TNS

Yfirlit yfir kalda vöruflokka

Markaðurinn fyrir **ferskt salat** (e. leafy salads) er að mati félagsins talinn nema 60 milljörðum króna (463 milljónum punda) að verðmæti. Á fyrsta ársfjórðungi óx markaðurinn um 4,9% og naut þar góðs af veðursæld og og sólríkara veðri í ár en á sama tíma í fyrra. Vinsældir bragðsterkari og lífrænt ræktaðra salat-tegunda héldu áfram að aukast en aukning í þessum flokkum var annars vegar 14% og hins vegar 37%.



Hækkun framleiðsluverðs og aukin samkeppni höfðu áhrif á sölu félagsins á fersku salati, og var söluaukning Bakkavöru undir markaðsvexti. Þrátt fyrir þetta var söluaukning í lykilflokkum félagsins á þessu sviði, þ.e. í flokkum bragðsterkara salats og lífrænt ræktaðs salats 18% og 68%.

Markaðurinn fyrir **tilbúin salöt** (e. convenience salads) óx um 9,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins. Sala Bakkavör Group í þessum flokki jókst um 8,8% á sama tíma. Gert er ráð fyrir auknum árangri í þessum flokki á komandi mánuðum þar sem fyrirhuguð er markaðssetning á nýjum vörutegundum í maí nk. Í flokki **tilbúins salats sem meðlætis** (e. dressed salad), t.d. hrásalat og kartöflusalat, heldur eftirspurn áfram að aukast í hollustu- og úrvalsflokkum. Söluaukning á **matarmeiri salötum**, t.d. kjúklinga- og túnfisksalötum með hrísgrjónum eða pasta, var í takt við aukinn áhuga neytenda á handhægum og hollum máltíðum og snarli.

Markaðurinn fyrir **kældra eftirrétti** (e. chilled desserts) óx verulega á tímabilinu eða um 8,3%. Vinsældir kældra eftirréttanna halda áfram að aukast en mest varð aukningin á sölu á tertum og upphituðum eftirréttum. Sala Bakkavör Group í þessum flokki jókst um 14,8% sem er umfram vöxt á markaðinum.

Hinn ört vaxandi markaður fyrir **niðurskorna ávexti** er talinn vera um 24,5 milljarða króna (190 milljóna punda) virði og óx um 35% á fyrsta ársfjórðungi. Mikill vöxtur á þessum markaði stafar af því að tilbúnir niðurskornir ávextir mæta aukinni eftirspurn neytenda eftir fersku, handhægu og hollu snarli. Á síðustu tveimur árum hefur Bakkavör Group verið að byggja upp starfsemi sína á þessu sviði og sett fjölmargar nýjar vörur á markað. Söluaukning félagsins á fyrsta ársfjórðungi var framúrskarandi eða 124% og er Bakkavör Group orðinn stærsti framleiðandi niðurskorinna ávaxta í Bretlandi.

Óskorið grænmeti

Markaðurinn fyrir **óskorið grænmeti** (e. produce) er áætlaður um 980 milljarða króna (7,6 milljarða punda) virði og óx um 6,9% á tímabilinu. Mest varð aukningin í flokki árstíðabundins grænmetis og salats. Sala Bakkavöru jókst um 7,5% ef ekki er tekið tillit til áhrifa umboðssölu, en eins og fram hefur komið er nú hluti sölu á fersku óskornu grænmeti (e. produce) færður sem bein sala í stað umboðssölu áður. Eftir breytinguna er söluaukning félagsins í þessum flokki 45,5% á fyrsta ársfjórðungi.

Meginland Evrópu

Á meginlandi Evrópu jókst sala félagsins um 13% á tímabilinu. Áframhaldandi árangur náðist í starfsemi félagsins á Spáni og í Frakklandi eða 18% söluaukning. Í báðum löndum er verið að skoða tækifæri til frekari vaxtar en eftirspurn eftir ferskum tilbúnum matvælum eykst stöðugt í Evrópu. Sala í verksmiðjum félagsins í Belgíu dróst saman eins og fyrrséð var.

Bakkavör Asía

Í Kína er markaðurinn fyrir kældar matvörur enn sem komið er tiltölulega smár, eða um 50 milljarða króna virði, en vex hratt eða um 15,4% á ári. Afkoma Creative Foods, sem er að 40% hluta í eigu Bakkavör Group og Glitnis, var góð það sem af er ári og jókst pro-forma sala félagsins um 15%. Áætlað er að markaðurinn fyrir kældar matvörur í Kína vaxi um 30% á næstu fjórum árum. Stefna Bakkavör Group er að ná umtalsverðri markaðshlutdeild á kínverska matvælamarkaðnum sem og á öðrum ört vaxandi mörkuðum í Asíu.

Vöruþróun

Vöruþróun er einn af hornsteinum í starfsemi Bakkavör Group og rík áhersla er lögð á að framleiða vörur sem svara eftirspurn neytenda um hollustu, þægindi og gæði. Á fyrsta ársfjórðungi setti Bakkavör Group um 1.000 nýjar vörur á markað, bæði á sviði ferskra tilbúinna matvæla og óskorins grænmetis.

Reynslan hefur sýnt að í upphafi árs eykst eftirspurn eftir heitum réttum yfir köldustu vetrarmánuðina í Bretlandi. Einnig njóta bæði heitir og kaldir heilsuréttir vinsælda á þessum tíma, í kjölfar hátíðanna. Á fyrsta ársfjórðungi var því áhersla lögð á þróun heilsuréttta og heitra rétta, s.s. matarmiklar gulrótarsúpur, heilhvaitipasta og ýmis salöt.

Meginland Evrópu hefur ávallt verið þekkt fyrir ríka matarmenningu auk mikils áhuga á mat og matargerð. Hins vegar hefur lífstíll fólks verið að breytast og eftirspurn eftir hollum, handhægum gæðamat, sem auðvelt er að útbúa, er að aukast. Á fyrsta ársfjórðungi 2007 var rík áhersla lögð á vöruþróun í Evrópu auk þess sem hafin var framleiðsla á salati fyrir Ikea. Bakkavör Group var fyrst til að setja ferskt tilbúið grænmeti á markað í Frakklandi. Tilbúnir ávextir voru markaðssettir til smásöluverslana á Spáni auk þess sem nýjar salatafurðir voru framleiddar fyrir alþjóðlega veitingahúsakeðju.

Örar félagslegar og efnahagslegar breytingar í Kína hafa haft mikil áhrif á neysluvenjur þar í landi. Eftirspurn eftir kældum matvörum sem fljótlegt er að útbúa eykst þar stöðugt. Creative Foods er vel í stakk búið til að mæta þessari þróun og hefur á nýafstöðnu tímabili markaðssett ýmsar ferskar tilbúnar matvörur á kínverska markaðinum.

Framtíðarhorfur

Bakkavör Group hefur metnaðarfull áform um framtíðarvöxt og mun halda áfram að styrkja stöðu sína í Bretlandi og á meginlandi Evrópu sem og leggja áherslu á frekari vöxt á nýjum mörkuðum. Þróun matvælamarkaða út um allan heim mun áfram einkennast af vaxandi eftirspurn eftir hollum hágæðamatvælum sem auðvelt er að útbúa. Búið er við að markaðurinn fyrir fersk tilbúin matvæli í vestur Evrópu muni vaxa um 20%² á næstu fjórum árum og um 30%³ í Kína. Bakkavör Group er í góðri stöðu til að nýta sér þau tækifæri sem skapast í kjölfar þessarar þróunar.

² Leatherhead

³ Access Asia

Fimm ára yfirlit

Fimm ára yfirlit - Afkomutölur		Fjárhæðir í þús. GBP				
	1.1 - 31.3 2007	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstrartekjur.....	349.354	1.219.189	722.065	149.584	137.867	133.684
Rekstrargjöld.....	(314.302)	(1.071.109)	(636.061)	(124.803)	(115.444)	(110.876)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	25	(318)	75	3.176		
EBITDA.....	35.077	147.762	86.079	27.957	22.423	22.808
Afskriftir.....	(9.716)	(33.829)	(19.429)	(3.799)	(4.108)	(3.414)
EBIT.....	25.361	113.933	66.650	24.158	18.315	19.394
Fjármagnsgjöld.....	(12.367)	(47.360)	(28.269)	(7.092)	(4.043)	(3.957)
Hagnaður fyrir skatta.....	12.994	66.573	38.381	17.066	14.272	15.437
Tekjuskattur.....	(3.094)	(15.237)	(6.048)	(3.962)	(3.882)	(4.062)
Hagnaður fyrir aflagða starfsemi.....	9.900	51.336	32.333	13.104	10.390	11.375
Aflögð starfsemi.....		16.910			3.123	(434)
Hagnaður ársins.....	9.900	68.246	32.333	13.104	13.513	10.941
Hagnaður hluthafa.....	9.648	67.617	31.986	13.104	13.513	10.941
Hagnaður minnihluta.....	252	629	347			
		0				
Veltufé frá rekstri.....	25.487	142.764	66.939	18.582	15.825	15.274
Fjárfesting í fastafjármunum.....	11.174	37.902	16.413	3.529	5.691	15.879
		0				
Efnahagur		0				
Fastafjármunir.....	1.030.720	1.028.878	840.400	217.285	129.805	137.081
Veltufjármunir.....	297.060	296.929	294.207	55.108	84.965	36.324
Heildar eignir.....	1.327.780	1.325.807	1.134.607	272.393	214.770	173.405
		0				
Eigið fé.....	246.880	241.447	127.352	88.214	72.056	58.611
Víkjandi breytanlegt lán.....	0	0	12.868	12.868	15.923	15.923
Langtímaskuldir og skuldbindingar.....	722.689	715.677	691.355	151.950	96.068	63.256
Skammtímaskuldir.....	358.211	368.683	303.032	19.361	30.723	35.615
Skuldir og skuldbindingar.....	1.080.900	1.084.360	1.007.255	184.179	142.714	114.794
Eigið fé og skuldir.....	1.327.780	1.325.807	1.134.607	272.393	214.770	173.405
		-				
Lykilkennitölur		-				
Lausafjárhlutfall.....	0,7	0,7	0,9	2,6	2,6	0,7
Veltufjárhlutfall.....	0,8	0,8	1,0	2,8	2,8	1,0
Eiginfjárhlutfall.....	18,6%	18,2%	12,4%	37,1%	41,0%	43,0%
EBITDA hlutfall.....	10,0%	12,1%	11,9%	18,7%	16,3%	17,1%
EBITDA hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	10,7%	12,6%	11,9%	18,7%	16,3%	17,1%
EBIT hlutfall.....	7,3%	9,3%	9,2%	16,1%	13,3%	14,5%
EBIT hlutfall án áhrifa umboðssölu.....	7,7%	9,7%	9,2%	16,1%	13,3%	14,5%
Arðsemi eigin fjár.....	16,2%	37,0%	30,0%	16,4%	20,7%	20,7%
Hagnaður á hlut (GBP pens).....	0,45	3,38	1,98	0,82	0,89	0,72

Námundun talna getur leitt til þess að einhvers ósamræmis gæti milli talna í töflum og texta.

Kynningarfundur í London

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn í London föstudaginn 27. apríl kl. 09:30 að íslenskum tíma (10:30 að staðartíma). Á fundinum mun Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavör Group, kynna afkomu félagsins og svara fyrirspurnum.

Staður: The Garrick Room, Barbican Centre, Silk Street, London EC2Y 8DS
Stund: Föstudaginn 27. apríl kl. 09:30 að íslenskum tíma (10:30 að staðartíma)

Netvarp og símafundur

Fundinum verður varpað á netinu á www.bakkavor.com og hefst útsendingin kl. 09:30 að íslenskum tíma (10:30 að staðartíma). Einnig er hægt að fylgjast með fundinum í síma +44 (0)20 8817 9301.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu félagsins, www.bakkavor.com, á heimasíðu OMX Nordic Exchange á Íslandi, www.icex.is og www.huginonline.com. Árshlutareikningur félagsins mun einnig liggja frammi til skoðunar í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3.

Samþykkt reikninga

Stjórn Bakkavör Group hf. samþykkti árshlutareikning félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 á stjórnarfundum þann 26. apríl 2007.

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2007:

Árshlutauppgjör – annar ársfjórðungur 2007	26. júlí 2007
Árshlutauppgjör – þriðji ársfjórðungur 2007	25. október 2007
Ársuppgjör og fjórði ársfjórðungur 2007	31. janúar 2008

Frekari upplýsingar veita:

Ágúst Guðmundsson, CEO
Tel: +44 (0) 20 7266 6400

Hildur Árnadóttir, CFO
Tel: +354 858 9706

Skráning á póstlista Bakkavör Group: www.bakkavor.com/subscribe

Bakkavör Group er leiðandi alþjóðlegt matvælafyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu ferskra tilbúinna matvæla. Bakkavör Group rekur yfir 46 verksmiðjur og er með yfir 16 þúsund starfsmenn í sjö löndum. Höfuðstöðvar félagsins eru í Reykjavík og er félagið skráð á OMX Nordic Exchange á Íslandi. (www.icex.is – auðkenni BAKK).

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og hefur starfsemi félagsins vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum. Í dag er félagið leiðandi í framleiðslu á ferskum tilbúnum matvælum á alþjóðavísu. Félagið hefur leiðandi markaðstöðu í Bretlandi í lykilvöruflokkum sínum en þeir eru tilbúnir réttir, pizzur, tilbúið salat og ferskt salat. Bakkavör Group framleiðir yfir 4.700 vörutegundir í 17 vöruflokkum og eru vörur félagsins seldar undir vörumerkjum stórmarkaðanna. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en auk þess er félagið með starfsemi í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Suður-Afríku, Kína og á Íslandi.